

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1067  
komudagur 24.2.2004

## Félagsvísinda- og lagadeild

Pingvallastræti 23 - 600 Akureyri



sími: 463-0590

netfang: mike@unak.is

bréfsími: 463-0997

### Umsögn

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um lögmenn,  
nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum.

Með bréfi dagsettu 5. febrúar 2004 var leitað eftir umsögn Háskólans á Akureyri um ofangreint frumvarp. Frumvarpið ver tekið til athugunar í Félagsvísinda- og lagadeild háskólans og gerir undirritaður eftirfarandi athugasemdir fyrir hönd deildarinnar.

Í b-lið 4. greinar frumvarpsins er sett fram nýtt skilyrði fyrir öflun lögmansréttinda þar sem verðandi lögmaður þarf að hafa starfað sex mánuði sem fulltrúi lögmans eða eitt ár sem aðstoðarmaður dómara, fulltrúi ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í Reykjavík eða sýslumanns. Ekki er ljóst hvers vegna sex mánaða starfsreynsla er látin duga í fyrra tilvikinu en eins árs starfsreynslu krafist í seinna tilvikinu. Starfsins vegna mætti vel snúa þessu við. Lagt er til að þetta verði endurskoðað.

Í c-lið 4. greinar frumvarpsins er gert ráð fyrir setningu reglugerðar um undanþágu frá skilyrðum um prófraun og starfsreynslu handa þeim sem öðlast hafa réttindi í öðru ríki hliðstæð réttindum til að vera héraðsdómslögmaður hérlendis. E.t.v. er skynsamlegt að veita undanþágu frá skilyrði um starfsreynslu en ekki er ljóst að það ætti að veita unanþágu frá skilyrði um prófraun fyrir þá sem ætla sér að starfa sem héraðsdómslögmenn á Íslandi, enda mundi prófraun tryggja jafnræði með þeim sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði við íslenskan háskóla og þeim sem óska undanþágu. Þannig mætti og prófa hæfi viðkomandi til að flytja mál fyrir íslenskum dómstólum.

Í a-lið 5. greinar er fjallað um skipan prófnefndar. Gert að ráð fyrir að Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands tilnefni hvort sinn nefndarmanninn, en samkvæmt núgildandi lögum tilnefnir lagadeild Háskóla Íslands einn nefndarmann. Æskilegt er að akademían eigi áfram aðild að tilnefningu nefndarmanns. Þar eð lagadeildum á landinu hefur fjölgað mætti hafa þá reglu að þær skiptist á að tilnefna nefndarmann.

Virðingarfyllst,

Mikael M. Karlsson  
forseti Félagsvísinda- og lagadeildar  
Háskólans á Akureyri  
23. febrúar 2004